

L Ö G

112

30. des.

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 129 29. desember 1947, skulu gilda til ársloka 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

113

30. des.

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1950 með 450% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. laganna, sem henni heimilast að innheimta með 550% álagi, og öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla, sem heimilað er að innheimta með 600% álagi.

Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.